

# Tilkynning

frá Stangaveiðifélagi Akraness um sölu og úthlutun veiðileyfa árið 1980.

1. Aðalsöludagur veiðileyfa verður fimmtudaginn 3. apríl. Skulu þeir, sem veiðileyfi ætla að fá, draga númer frá klukkan 10-12 f.h. og verða veiðileyfi afgreidd og seld eftir þeim númerum frá klukkan 13,30 sama dag, í félagsheimilinu Röst. — 8. apríl verða þau veiðileyfi, sem óseld eru, seld til félagsmanna í félagsheimilinu Röst kl. 20,30—21,30.

2. Félagar þurfa að velja sér veiðifélaga og ber að nafngreina þá og veiðiaáður en númer er dregið og dregur þá einn fyrir sig og sína veiðifélaga. Fjarstöddum félögum er heimilt að gefa öðrum **skriflegt umboð** til að draga fyrir sig. Skylt er að greiða ársgjald (kr. 5000) áður en dregið er.

Ákveðið hefur verið að gefa félagsmönnum kost á gjaldfresti á helmingi keyþtra veiðileyfa, og ef veiðileyfi verða ekki leyst út fyrir 10. júní, er stjórninni heimilt að ráðstafa þeim til annarra.

Þeir félagsmenn, sem skráðir eru fyrir veiðileyfum á söludegi, eru ábyrgir, verði veiðileyfið selt til utanfélagsmanna.

3. Veiðileyfin verða seld eftir svipuðum reglum og undanfarin ár, þannig að menn hafa að nokkru leyti frjálst val í þeirri röð, sem afgreiðslunúmerin segja um, séu þeir nættir, er sala hefst og kemur að þeirra númerum. Óheimilt er að framselja afgreiðslunúmer til annarra félagsmanna. Verður því að skila aftur þeim afgreiðslunúmerum sem ekki eru notuð.

4. Engum félagsmanni verður úthlutað meira en 2 stangardögum í Flekkudalsá, 2 stangardögum í Víkurá og 1 stangardegi í Andakílsá, fyrsta söludag.

Í Víkurá verða 2 stangir á dag, 3 stangir á dag í Flekkudalsá og 2 stangir verða á dag í Andakílsá.

5. Komi upp ágreiningur um skilning á ofangreindum reglum, áskilur félagsstjórnin sér rétt til að skera úr í hverju tilfalli, svo og að setja viðbótarreglur, telji hún það nauðsynlegt.

6. Sala veiðileyfa eftir söludag fer fram á skrifstofu Sjóváttryggingafélagsins að Suðurgötu 62, sími 2000.

## SÖLUVERÐ VEIÐILEYFA 1980:

### FLEKKUDALSÁ:

1. júlí til 31. júlí	60.000
31. júlí til 10. ágúst	50.000
10. ágúst til 20. ágúst	40.000
20. ágúst til 1. sept.	30.000
1. sept. til 11. sept.	20.000

### ANDAKÍLSÁ:

25. júní til 10. ágúst	35.000
11. ágúst til 31. ágúst	28.000
1. sept. til 10. sept.	20.000
11. sept. til 20. sept.	14.000

### VÍKURÁ:

20.-21. júní	30.000
24.-25. júní	35.000
28.-29. júní	40.000
2.- 3. júlí	45.000
6.- 7. júlí	60.000
10. júlí til 4. ágúst	70.000
7.- 8. ágúst	60.000
11.-12. ágúst	50.000
15.-16. ágúst	40.000
19.-20. ágúst	35.000
23.-28. ágúst	30.000
31. ágúst til 1. sept.	25.000
4.- 5. sept.	20.000

Til utanfélagsmanna er verðið kr. 3000 herra pr. stöng.